

FUNDARGERÐ

341. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 10. sept. 2024 kl. 14:00.

Mætt eru í upphafi fundar:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ) í fjarfundi, Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ) í fjarfundi, Helgi Ómar Bragason (HÓB) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkv.stjóri.

Glúmur Björnsson, jarðfræðingur HEF og Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastjóri HEF.

Af aðalmönnum er Helgi Hlynur Ásgrímsson fjarverandi.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Jarðhitaleit Búlandsnesi – jarðhitalíkan – ákvörðun um framhald
- 2 Húsnæði HEF
- 3 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, staða og næstu skref
- 4 Vatnsveita Borgarfjarðar eystri – áætlun um endurbætur
- 5 Eigendastefna HEF
- 6 NORDIWA 2024 – fulltrúi HEF
- 7 Samorkuþing 2025 – þátttaka HEF
- 8 Ljósleiðari í þéttbýli – staða verkefnis
- 9 Verkefni í gangi / áætlanir
- 10 Starfsmannamál
- 11 Önnur mál
 - a. Krafa vegna meints tjóns vegna þjónusturofs vatnsveitu á Seyðisfirði

1 Jarðhitaleit Búlandsnesi – jarðhitalíkan – ákvörðun um framhald

Nú hefur ÍSOR lokið gerð á þrívíddarlíkani sem gert var með nýlegum mælingum þeirra úr nokkrum helstu borholunum á leitarsvæðinu, það er úr holum 20, 28, 30 og 31. Auk þeirra mælinga var notast við allar aðrar mælingar sem HEF bjó yfir úr öðrum holum sem þóttu geta bætt líkanið. Það voru fyrst og fremst hitamælingar og einnig var gert einfalt jarðlagasnið.

Líkanið varpar upp þeirri mynd að jarðhitaæðin sem leitað hefur verið að liggja eftir sprungu sem stefnir í norð-austur, en uppstreymi heitasta vatnsins virðist afmarkað við þröngt svæði í nágrenni við holu DPV-25 í dreifingu eftir henni. Tilraunir til að skera þessa sprungu á meira dýpi hafa verið gerðar á svæðum til hliðar við hitauppstreymið og því ekki gefið mikið. Sprungan hefur verið skorin í holum í 180 m í DPV-28, 200 m í DPV-29, í 320 m í DPV-30 og sömuleiðis í 320 m í DPV- 31, auk þess sem hún virðist ná upp í um 113 m dýpi í holu DPV-25.

Hafa verður í huga þegar skoða skal svona líkan er að það byggir einungis á tiltækum upplýsingum, og gerir tilraun til að fylla í eyðurnar á sem eðlilegastan hátt. Á Djúpavogi eins og yfirleitt í svona líkönum eigum við minni upplýsingar eftir því sem dýpið eykst og þar með vex óvissan með meira dýpi.

Tillögur ráðgjafa og jarðfræðings HEF eru tvær:

Leið A. Ráðlegt gæti verið að gera einhverja tilraun til að staðfesta þessar hugmyndir með milliskrefsholu/m áður en lengra er haldið. Út frá líkaninu er auðvelt að staðsetja slíka holu og er

það á svæðinu norðan vegar. Stefnan væri þá á 300-350 m djúpa holu og freista þess að hitta æðina og staðfesta hugmyndirnar sem líkanið varpar fram. Með því að fara ekki of langt með þessa holu til austurs er óvissan minni. Ef vel tekst má gera sér vonir um að fá um 55°C vatn úr slíkri holu. Að borun lokinni mætti með meiri vissu staðsetja tilraunavinnsluholu sem gæti stefnt á um 600m+. Óvissan er slík að það er erfitt að segja hvað mætti búast við heitu vatni úr slíkri holu. Áfram gildir að efnahitinn á svæðinu hefur mælst 75°C en óvíst á hvaða dýpi slíkan hita gæti verið að fá.

Leið B. Með því að bora tvær til þrjár grynri hitastigulsholur og meta þannig stefnu og dreifingu hitauppstreymisins niður á við mætti velja að dýpka þá holu sem kemur betur út eða staðsetja nýja holu út frá þeim upplýsingum.

Framhaldið myndi auðvitað ráðast af útkomunni en það væri líklega stefnt á 350-400+ metra holu næst.

Stjórn telur mikilvægt að afla nánari gagna og álits ráðgjafa um gagnsemi frekari skoðana t.d. með viðnámsmælingum áður en frekari boranir fara fram.

Glúmur yfirgefur fundinn.

2 Húsnæði HEF

Starfshópur húsnæðismála HEF fundaði í lok ágúst og fór yfir fyrstu hugmynd að endurbótum á Fellabrún 1 frá Sniddu, arkitektastofu. Eftir skoðun og umræður innanhúss voru lagðar til lítilsháttar breytingar sem hentuðu starfseminni betur. Kostnaðaráætlun er í vinnslu fyrir þær breytingar, en einnig þarf að meta viðhaldsþörf utandyra. Fyrir þennan valmöguleika þarf einnig að ráðast í vinnu við endurnýjun lagers og aðstöðu útímanna, svo sem þrifaadastöðu, búningaklefa o.fl. sem á enn eftir að kostnaðarmeta nánar.

Starfsmenn HEF funduðu í kjölfarið í tengslum við annan valmöguleika sem er til skoðunar, nýbyggingar að Valgerðarvegi 2 og framkvæmdu þarfagreiningu. Út frá gróflega áætluðum fermetrafjölda fyrir hvert rými gat Snidda gefið gróft kostnaðarmat, sem byggir á rauntölum kostnaðar við sambærilegar fasteignir.

Stjórn felur hópnum að vinna áfram í málinu og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

3 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, staða og næstu skref

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti boðaði til fundar um fjarkyntar veitur í síðustu viku með fulltrúa Orkustofnunar og fulltrúum flestra fjarkyntra veitna á landinu. Á fundinum var rætt um stöðu þeirra og hugsanlegar aðgerðir til að bæta hana. Orkustofnun fór yfir nokkrar mögulegar lausnir og ljóst að engin ein kemur til með að leysa vandann fyrir alla, þar sem staða og þarfir veitnanna eru ólíkar.

Í fréttum í gær kom fram að Orkubú Vestfjarða (OV) hefur gert raforkukaupasamning við Landsvirkjun fyrir fjarvarmaveitur sínar. Samningurinn ku hljóða uppá kaup á forgangsortku með mestu mögulegu skerðingu uppá 4 sólarhringa. Stjórn HEF óskar OV til hamingju með samninginn og trúir að hann muni leiða til fyrirsjáanleika um framtíð og rekstur Fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar.

Védís yfirgefur fundinn.

4 Vatnsveita Borgarfjarðar eystri – áætlun um endurbætur

Svo virðist sem kólímengun í neysluvatni á Borgarfirði eystri verði nokkuð reglulega og hefur trúlega svo verið um árabil. Með auknum kröfum um gæði neysluvatns er nokkuð ljóst að nauðsynlegt er að koma upp lýsingatæki til að drepa örverur í vatninu sem virðist mengast í úrkomutíð. Starfsmenn ásamt ráðgjafa hafa sett í gang greiningu á stækkunarþörf tæknirýmis vatnsveitu ásamt endurhönnun lagna og búnaðar í rýminu. - Til upplýsingar.

5 Eigendastefna HEF

Framkvæmdastjóri mætti á fund Byggðaráðs Múlaþings 20. ágúst og fór lauslega yfir sínar hugmyndir um efnistöð eigendastefnu. Byggðaráð skipaði á fundi sínum 3. september 2 fulltrúa sveitarstjórnar Múlaþings í vinnuhóp um gerð eigendastefnu; Jónínu Brynjólfsdóttur og Helga Hlyn Ásgrímsson og fulltrúa HEF, Ágústu Björnsdóttur. Framkvæmdastjóra HEF og framkvæmda- og umhverfismálastjóra Múlaþings, Huguínu Hjálmarsdóttur falið að starfa með hópnum.

Framkvæmdastjóra falið að boða til fyrsta fundar um eigendastefnu félagsins.

6 NORDIWA 2024 – fulltrúi HEF

Framkvæmdastjóri mun sækja NORDIWA 2024, ráðstefnu vatnsveitna í norðanverðri Evrópu, sem haldin verður í Kaupmannahöfn 18.-20. september. Hann mun flytja stutt erindi á ráðstefnunni um stöðu og áskoranir vatnsveitna á Íslandi. Til upplýsingar.

7 Samorkuþing 2025 – þátttaka HEF

Samorkuþing 2025 verður haldið í Hofi á Akureyri 22. – 23. maí. Framkvæmdastjóri mælir með að sem flestir starfsmanna taki þátt í þinginu. Stjórnarmenn einnig velkomnir.

8 Ljósleiðari í þéttbýli – staða verkefnis

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnisins. Til kynningar.

9 Verkefni í gangi / áætlanir

Jarðhitaleit Djúpavogi (D0001): Sjá stöðu framar í fundargerð (#1).

Fráveita Djúpavogi (D0002): Verki nánast lokið. Rafmagn komið á hreinsigám. Rafmagnstafla í dælubrunn er væntanleg á allra næstu dögum. Gangsetning á að geta orðið í mánuðinum (sept.).

Dynskógar (E0026): Verktaki vinnur hörðum höndum að ljúka verki, svo malbikun geti farið fram í vikunni 23.-27. september.

Önnur helstu verkefni yfirfarin á fundinum.

10 Starfsmannamál

Embla er mætt til starfa úr fæðingarorlofi. Stjórn býður hana velkomna.

Stefán Númi er væntanlegur til starfa í vikunni.

11 Önnur mál

a. Krafa vegna meints tjóns vegna þjónusturofs vatnsveitu á Seyðisfirði

Ekki verða eftirmál vegna meints tjóns Krambúðarinnar. HEF veitur hafa fengið nafn og netfang tengiliðar til að upplýsa þegar næsta þjónusturof verður.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 16:50 fundargerð ritaði Ívar K. Hafliðason.

Undirritanir á næstu síðu.

